



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Hönnun
Ari Benediktsson
Austurvegi
Reyðarfirði

Neskaupstað 20.02.2001

Vegur yfir Afstapahraun sunnan við Kúagerði

Hér er stutt lýsing á gróðri á veglínu yfir Afstapahraun við Kúagerði. Lýsingin er byggð á gróðurkortlagningu frá 1992 (Gróðurgreining Náttúrufræðistofnunar Íslands 1992) og upplýsingum úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands um útbreiðslu tegunda. Ekki var gerð vettvangsrannsókn á þessari veglínu þar sem tillögur um þessa útfærslu á veginum yfir Afstapahraun komu fram eftir að vetur lagðist að.

Veglínan víkur af núverandi Reykjanesbraut við Hvassahraun og liggur rétt norðan við Hvassahraunsgíga. Á þessu svæði er Rjúpnadalshraunið vaxið mosapembu með grösom og lyngi. Þekja gróðurs þar er um 75 % að meðaltali. Veglínan liggur svo yfir Afstapahraun um 750 m sunnan við Reykjanesbrautina. Afstapahraunið er vaxið mosapembu og eru háplöntur þar lítið áberandi. Þekja gróðurs á hrauninu er um 50 %. Vestan við Afstapahraunið liggur veglínan um hraun með mosapembu, grösom og lyngi allt þar til hún sameinast Reykjanesbrautinni sunnan við Stóru Vatnsleysu. Þekja gróðurs er að meðaltali 50 % á þessu svæði.

Gert er ráð fyrir að þessi veglína liggi yfir Afstapahraunið og að brotið sé nýtt land undir vegagerðina. Vegarstaðið brýtur því óraskað land en nokkurt rask er þó vestan í Afstapahrauninu.

Veglína þessi nær ekki yfir vaxtarstaði sjaldgæfra tegunda eða tegunda á válista skv. skráðum heimildum, nema að mosinn hærulukka (*Encalypta brevipe*) hefur fundist við Afstapahraun. Hann er flokkaður sem tegund í hættu á válista (Válisti 1, plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 1996). Ekki er þó til nákvæm staðsetning á vaxtarstað hans og því ekki hægt að segja til um hvort honum er hætta búin við fyrirhugaða vegagerð.

Eins og getið er um í skýrslunni *Gróðurfur við Reykjanesbraut* (Guðrún Á. Jónsdóttir ofl. Náttúrustofa Austurlands. Neskaupstað. 2001) er vandasamt að græða upp, svo að vel fari, sár í gróðurlendum þar sem mosi er ríkjandi. Ef stefnt er að því að mosapembur endurnýjist er væntanlega best að náttúran sjálf sjái að mestu um uppgræðsluna. Það tekur hins vegar mjög langan tíma. Það verður sérstaklega erfitt að græða sár í Afstapahrauni þar sem gamburmosinn er allsráðandi og háplöntur fremur lítið áberandi í gróðurfari. Þótt ekki verði sáð eða reynt að græða upp er óvíst að mosapemburnar endurnýjist að fullu, jafnvel ekki á löngum tíma, þar sem skilyrði breytast við það eitt að sléttað er úr úfnu hrauninu og undirlagið þjappað af umferð þungavinnuvéla.

Virðingarfyllst,

Guðrún Á. Jónsdóttir